

æði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn kærði Stefán Árnason á að vera sýkn af kærðu sækjandans í máli þessu. Allan af málinu í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálflytningu manns Páls Einarssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 47/1892:

H. Th. A. Thomsen
 gegn
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli Bústaða, eignarjarðar áfrýjandans, og Laugarness, er Reykjavíkurkaupstaður á, var dæmt í landamerkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 7. desembr. 1891 svo, að landamerki milli greindra jarða skyldu vera: »Úr Þrísteinum í Bústaðaborg, þaðan bein lína suður í Klofningssteina«. Í dagpeninga til dómsforseta og meðdómsmanna skyldi stefnandinn (fyrir merkjadóminum), bæjarstjórn Reykjavíkur, greiða 36 kr. 50 a., en stefndi (fyrir sama dómi) kaupmaður H. Th. A. Thomsen 55 kr. Annar málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. nóv. f. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aptur til nýrrar og löglegri dómsáleggingar, og að hin stefnda bæjarstjórn verði dæmd til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins. Hin stefnda bæjarstjórn hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða nægilegri upphæð.

Samkvæmt fornum skjölum, lögfestum og vitnisburðarbrjefum, er legið hafa fyrir merkjadóminum og málsaðilar hafa báðir tekið gild í því efni, eiga landamerki milli Laugarness og Bústaða að vera þessi: Úr Þrísteinum sjónhending í Bústaðaborg, þaðan í stein fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg og þaðan í Klofningssteina. Málsaðilar hafa einnig verið sammála um það, hvar Þrísteinar sjeu og Bústaðaborg, en ágreiningurinn er um, hvar merkjasteinninn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg sje og hvar Klofningssteinar sjeu, og vill áfrýjandinn telja merki þessi töluvert vestar en hin stefnda bæjarstjórn. Merkjadómurinn hefur nú dæmt merkin vera um Klofningssteina þá, er hin stefnda bæjarstjórn telur vera hina rjettu Klofningssteina, þannig, að þeir myndi hornmark Laugarnesslands að sunnan og austan gegnt Bústaðalandi, og verður það ákvæði dómsins eigi átalið, þar sem full vitnasönnun virðist framkomin í málinu fyrir því, að örnefnið Klofningssteinar, sem er hið viðurkennda hornmark Laugarness að sunnan gegn Bústöðum, sje þar, sem dómurinn setur það.

Ad því er snertir hitt markið, sem þrætan er um, steininn fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, þá hefur merkjadómurinn eigi getað fundið neinn stein í þeirri stefnu frá Bústaðaborg, er eðlilega geti talizt merkja-steinn, og áleit því eigi hægt að miða merkin við neinn slíkan stein, en þar sem byggja þótti mega á því, hvar Klofningssteinar hinir rjettu væru og hver væri aðalstefna markalínunnar upp úr voginum norður eptir, þá áleit merkjadómurinn rjettast, að draga stefnuna úr tjeðum Klofningssteinum, sem eru fyrir sunnan girðingar áfrýjandans, beint norður í Bústaðaborg. Hvað sjerstaklega þetta ákvæði dómsins áhrærir, hefur áfrýjandinn haldið því fram, að með því væri framin lögleysa, er ætti að varða ónýting dómsins, þar sem merkjadómurinn með því hefði dæmt bæjarstjórninni meira land (ákvæðið merkin austar) en hún hefði krafizt, eða tekið sneið af óátalinni landareign áfrýjandans og dæmt hana eign stefndu.

Umbodsmáður hinnar stefndu bæjarstjórnar krafð izt þess fyrir merkjadóminum, að merkin væru ákveðin úr Bústaðaborg í stein, er hann tiltók og áleit vera fyrir vestan og sunnan borgina, og úr steininum í Klofningssteina. Áfrýjandinn heldur því nú, samkvæmt því sem áður er sagt, fram, að bein lína úr Bústaðaborg falli töluvert austar en um tjeðan markastein hinnar stefndu, og þannig liggi merkjalína dómsins lengra inn í sitt land heldur en krafa stefndu hafi verið til, en þessu er mótmælt af hálfu stefndu. Um afstöðu hjerum-ræddra örnefna og merkja sín á milli verður engin ályktun dregin af legu þeirra á uppdráttum þeim, er fram hafa komið í málinu, því að þeir hafa eigi verið álitnir nákvæmir að þessu leyti, hvorki af málsaðilum

eða dómendum; en merkjadómendurnir hafa vottað það í dómi sínum 28. júní 1890, er þetta sama mál var fyr dæmt, að steinn sá, er bæjarstjórnin miðaði merkin við og átti að hennar áliti að vera fyrir vestan og sunnan Bústaðaborg, væri því nær í hásuður frá borginni, og eptir uppdráttum beggja málsaðila, einkanlega uppdrætti þeim, er áfrýjandinn hefur lagt fram, eru Klofningsteinar (eystri) nokkuð vestar en í hásuður frá Bústaðaborg; en ef þetta hvorttveggja er rjett, leiðir þar af, að bein lína úr Bústaðaborg í Klofningsteina verður fremur fyrir vestan en fyrir austan optnefndan markastein bæjarstjórnarinnar. Þegar á þetta er litið, og þar sem áfrýjandinn hefur ekki fært neinar sannanir fyrir þessu kæruatriði sínu, verður eigi álitid sannað, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í lögleysu í þessu efni, og með því að eigi eru aðrar ástæður til að ónýta dóminn, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 48/1892:

H. Th. A. Thomsen
 gegn
 bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki